

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

## fyrir Seltjarnarnes.

### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Seltjarnarnesskaupstaðar.

### 2. gr.

Með almannaþæri er í samþykktinni átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannaþæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði sem opnir eru almenningi, s.s. verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli söfn o.fl.

### 3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannaþæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannaþæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur.

Enginn má sýna öðrum áreiti á almannaþæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

### 4. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannaþæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgangi. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

### 5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

### 6. gr.

Á götum bæjarins eða þar sem hættu getur stafað af, má ekki renna sér á sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferð. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar.

### 7. gr.

Eigi má skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingarsvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins framkvæma með sérstöku samþykki lögreglustjóra og bera bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt.

### 8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannaþæri eða í búningi, sem misþýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t.d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, vera áberandi ölvaður eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbragð svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o.s.frv.

## 9. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi til þess leyfi slökkvistjóra eða tæknideildar bæjarins.

## 10. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð er óheimill. Þó er heimilt að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá kl. 17.00 síðdegis til kl. 9.00 árdegis.

## 11. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, á lóðum, í garðhliðum eða á stöðum þar sem inn er gengið í hús eða lóðir án leyfis hlutaðeigandi húsráðenda, né fara inn í híbýli í söluerindum.

## 12. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er hindrar umferð. Bannað er að leggja í íbúðahverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjarbúa. Notkun vélsleða á götum bæjarins er bönnuð.

## 13. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi bygginarnefndar þarf til að setja upp fóst auglýsingarspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

## 14. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, ávaxtahýði, pappírusrusli eða öðru þess konar á almannafæri né heldur skvetta þar vatni eða öðru sem haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur eða veldur óþrifnaði.

## 15. gr.

Um útivistartíma barna og ungmenna fer skv. lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

## 16. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglustjóra enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu varaðir við farartálmanum með nægilega greinilegum ljósum, þegar dimmt er. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

## 17. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rífið og byggt upp að nokkru leyti, er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið hefst. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almanna-færi, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mül, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar framkvæmdinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn. Er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

## 18. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmíðar eða viðgerðir á húsum skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járnköddum að neðan, ef stiginn er meira en fjögurra (4) metra langur.

## 19. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynji. Getur lögreglustjóri þá bannað afnot af húsinu og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

## 20. gr.

Ekki má skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða rispa, tjarga, mála eða teikna á mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, sem ætlaðir eru til almenningsnota, svo sem hús, minnisvarða, símaklefa, biðskýli, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar.

## 21. gr.

Enginn má skemma girðingar, né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

## 22. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda. Hús í bænum skulu vera merkt í númeraröð eða með heiti húss ef við á og númeri þess í röð húsa.

## 23. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

## 24. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

## 25. gr.

Allir staðir, þar sem rekin er almenn veitingasala og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá, sem skal vera aðgengileg eftirlitsmönnum.

## 26. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörðun.

## 27. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í góðgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir.

## 28. gr.

Hverjum þeim, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan er skylt að sjá um að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, viðstöddum að fara í burtu.

## 29. gr.

Sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir þær sem háreysti er að, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

## 30. gr.

Um hunda- og kattahald á Seltjarnarnesi fer skv. „Samþykkt um hundahald á Seltjarnarnesi nr. 531/1999“ og „Samþykkt um kattahald á Seltjarnarnesi nr. 565/1996“.

## 31. gr.

Eigi má kasta á almannafæri né í fjörum, hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjót, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, eða yfir

leitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþryði. Óheimilt er að taka grjót eða sand í fjörum.

## 32. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

## 33. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neitt, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

## 34. gr.

Bannað er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t.d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skyld er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindi berist af lóð hans á lóð annars manns.

## 35. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af brotamaninum eða, ef hann er eigi fær um það úr ríkissjóði.

## 36. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Seltjarnarnes nr. 175 4. apríl 1977, með áorðnum breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júní 2001.*

F. h. r.

**Ólafur Walter Stefánsson.**

*Jón Þór Ólason.*